

Lífeyrissjóður starfsmanna  
Akureyrarbæjar

---

Ársreikningur 2016

Lífeyrissjóður starfsmanna Akureyrarbæjar  
Strandgötu 3  
600 Akureyri  
kt. 510169-3799

---

# Efnisyfirlit

---

|                                     | bls. |
|-------------------------------------|------|
| Áritun óháðra endurskoðenda         | 2    |
| Áritun tryggingastærðfræðings       | 4    |
| Skýrsla stjórnar                    | 5    |
| Yfirlit um breytingu á hreinni eign | 7    |
| Efnahagsreikningur                  | 8    |
| Yfirlit um sjóðstreymi              | 9    |
| Yfirlit um tryggingafræðilega stöðu | 10   |
| Skýringar                           | 11   |
| Stjórnarháttayfirlýsing             | 21   |

---

# Áritun óháðra endurskoðenda

---

## Til stjórnar og sjóðfélaga Lífeyrissjóðs starfsmanna Akureyrarbæjar

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Lífeyrissjóðs starfsmanna Akureyrarbæjar fyrir árið 2016. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, yfirlit um tryggingafræðilega stöðu, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu lífeyrissjóðsins á árinu 2016, efnahag hans 31. desember 2016 og breytingu á handbæru fé á árinu 2016, í samræmi við lög og reglur um ársreikninga lífeyrissjóða.

### Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér að neðan. Við erum óháð Lífeyrissjóði starfsmanna Akureyrarbæjar í samræmi við settar siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

### Aðrar upplýsingar

Stjórn og framkvæmdastjóri bera ábyrgð á öðrum upplýsingum. Aðrar upplýsingar innifela skýrslu stjórnar og stjórnháttaryfirlýsingu.

Álit okkar á ársreikningnum nær ekki yfir aðrar upplýsingar og við ályktum hvorki um, né veitum staðfestingu á efni þeirra ef frá er talin sú staðfesting varðandi skýrslu stjórnar sem fram kemur hér að neðan.

Í tengslum við endurskoðun okkar berum við ábyrgð á að lesa framangreindar aðrar upplýsingar og skoða hvort þær séu í verulegu ósamræmi við ársreikninginn eða þekkingu okkar sem við höfum aflað við endurskoðunina eða virðast að öðru leyti innifela verulegar skekkjur. Ef við komumst að þeirri niðurstöðu, byggt á þeirri vinnu sem við höfum framkvæmt, að það séu verulegar skekkjur í öðrum upplýsingum ber okkur að skýra frá því. Það er ekkert sem við þurfum að skýra frá hvað þetta varðar.

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

### Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, Við gerð ársreikningsins eru stjórn og framkvæmdastjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi Lífeyrissjóðs starfsmanna Akureyrarbæjar. Ef við á, skulu stjórn og framkvæmdastjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna þau ákváðu að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema stjórn og framkvæmdastjóri hafi ákveðið að leysa sjóðinn upp eða hætta starfsemi, eða hafi enga aðra raunhæfa möguleika.

# Áritun óháðra endurskoðenda

## Ábyrgð endurskoðenda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar.

Nægjanlega vissa er þó ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitum við gagnrýnni hugsun við endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits sjóðsins.
- Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.
- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi sjóðsins.
- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar við ársreikninginn með tilliti til glöggrar myndar.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn og endurskoðunarnefnd meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirlit sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Við höfum einnig lýst því yfir við stjórn og endurskoðunarnefnd að við höfum uppfyllt skyldur siðareglna um óhæði og höfum miðlað til þeirra upplýsingum um tengsl eða önnur atriði sem gætu mögulega haft áhrif á óhæði okkar og þar sem viðeigandi er, hvaða varnir við höfum sett til að tryggja óhæði okkar.

Akureyri, 14. mars 2017

## Deloitte ehf.

Aðalsteinn Sigurðsson  
endurskoðandi

Hólmgrímur Bjarnason  
endurskoðandi

# Áritun tryggingastærðfræðings

---

## Til stjórnar og sjóðfélaga Lífeyrissjóðs starfsmanna Akureyrarbæjar

Undirritaður hefur metið lífeyrisskuldbindingar Lífeyrissjóðs starfsmanna Akureyrarbæjar í árslok 2016. Matið er framkvæmt í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 391/1998 um tryggingafræðilegar athuganir á lífeyrissjóðum og forsendur fyrir þeim. Meðal annars er miðað við lífslíkur árána 2010-2014 og 2,0% vexti p.a. umfram laun og 80% af meðaltals örorkulíkum íslenskra lífeyrissjóða miðað við reynslu árána 1998-2002.

Yfirlit yfir helstu niðurstöður matsins er að finna í yfirliti um tryggingafræðilega stöðu sem og í skýringu nr. 13.

Skuldbindingar sjóðsins eru reiknaðar á grundvelli upplýsinga úr iðgjalda- og lífeyrisbókhaldi sjóðsins um áunnin réttindi virkra og óvirkra sjóðfélaga skipt eftir aldri þeirra og lífeyrisgreiðslur til einstakra sjóðfélaga í árslok 2016. Miðað er við réttindaákvæði í samþykktum sjóðsins.

Í matinu eru reiknaðar út áfallnar skuldbindingar vegna þeirra sjóðfélaga sem þegar eiga réttindi í sjóðnum og áætlaðar framtíðarskuldbindingar vegna þeirra iðgjalda sem ætla má að virkir sjóðfélagar greiði til sjóðsins þar til þeir hefja töku lífeyris. Þessi áætluðu framtíðariðgjöld svo og áætlaður rekstarkostnaður og fjármagnsgjöld í framtíðinni eru núvirt miðað við árslok 2016. Þá er í matinu tekið tillit til endurmats á skuldabréfaeign sjóðsins, en hún hefur verið núvirt miðað við sömu ávöxtunarkröfu og skuldbindingarnar eða 2,0% ársvexti umfram breytingar launa.

Niðurstaða mín er sú að nokkuð skorti á að Lífeyrissjóður starfsmanna Akureyrarbæjar geti staðið við þessar skuldbindingar, bæði þær sem þegar eru áfallnar og þær sem til stofnast í framtíðinni, miðað við viðurkenndar forsendur um tryggingafræðilegar athuganir á fjárhagsstöðu lífeyrissjóða ef eingöngu er litið til eigna sjóðsins og verðmætis iðgjalda. Launagreiðendum ber að auki skylda til að endurgreiða sjóðnum hluta af lífeyrisgreiðslum og að teknu tilliti til þeirra greiðslna má ætla að sjóðurinn geti staðið við skuldbindingar sínar. Tryggingafræðileg staða sjóðsins er neikvæð um 42,9% sem hlutfall af skuldbindingum.

Reykjavík, 14. mars 2017

Bjarni Guðmundsson  
tryggingastærðfræðingur

# Skýrsla stjórnar

---

Lífeyrissjóður starfsmanna Akureyrarbæjar starfar á grundvelli laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða og hefur starfsleyfi frá Fjármálaráðuneytinu í samræmi við 52. gr. þeirra laga. Hlutverk sjóðsins er að tryggja sjóðfélögum, eftirlifandi mökum þeirra og börnum lífeyri í samræmi við samþykktir sjóðsins. Sjóðnum var lokað fyrir nýjum sjóðfélögum þann 1. janúar 1999 og starfar á óbreyttum iðgjalda- og réttindagrundvelli í samræmi við 52. gr. laga nr. 129/1997. Sjóðurinn skiptist í tvær réttindadeildir, A-deild og B-deild. Deildirnar hafa sameiginlegan fjárhag í samræmi við samþykktir sjóðsins.

## Nýjar reglur um ársreikninga lífeyrissjóða

Ársreikningur sjóðsins er unnin í samræmi við nýjar reglur nr. 335/2015 um ársreikninga lífeyrissjóða, sem Fjármálaeftirlitið hefur sett.

## Sjóðfélagar og iðgjöld

Alls greiddu 100 sjóðfélagar hjá 7 launagreiðendum iðgjöld til sjóðsins árinu og fækkaði greiðandi sjóðfélögum um 12 frá fyrra ári. Iðgjöld námu samtals 51 milljón króna og lækkuðu um 5,9% frá fyrra ári. Þá námu viðbótarframlög launagreiðenda, sem nú eru færð sem sérstök aukafamlög, 282 milljónum króna og hækkuðu um 26,2% frá fyrra ári. Virkir sjóðfélagar, þ.e. sjóðfélagar sem að jafnaði greiða iðgjöld til sjóðsins með reglubundnum hætti í mánuði hverjum voru 97.

## Lífeyrisgreiðslur

Lífeyrisgreiðslur sjóðsins á árinu námu um 682 milljónum króna og hækkuðu um 17,0% frá fyrra ári og var fjöldi lífeyrisþega að meðaltali 514 á árinu 2016.

## Ávöxtun og eignir

Nafnávöxtun sjóðsins á árinu var 4,4% og hrein raunávöxtun 2,3% samanborið við 11,2% nafnávöxtun og 9,0% raunávöxtun á árinu 2015.

Hrein eign sjóðsins til greiðslu lífeyris nam 10.432 milljónum króna og hækkaði um 0,9% frá fyrra ári.

## Tryggingafræðileg staða

Tryggingafræðileg úttekt hefur verið framkvæmd á stöðu sjóðsins miðað við árslok 2016. Samkvæmt matinu námu áfallnar skuldbindingar sjóðsins 17.197 milljónum króna og eignir til tryggingafræðilegs uppgjörs 10.038 milljónum króna. Áfallnar skuldbindingar nema því 7.159 milljónum króna umfram eignir. Eignir sjóðsins duga því fyrir 58% af áföllnum skuldbindingum miðað við 2% ársvexti umfram launabreytingar. Heildarskuldbindingar sjóðsins, þegar tekið hefur verið tillit til þeirra iðgjalda sem sjóðfélagar greiða í framtíðinni og þeirra eigna og réttinda sem þær iðgjaldagreiðslur skapa, nema 7.789 milljónum króna hærrí fjárhæð en eignir eða sem nemur 43% af skuldbindingum. Tryggingafræðileg staða sjóðsins versnaði um 1.237 milljónir króna á árinu. Sjóðurinn er með ábyrgð Akureyrarbæjar og byggir ekki alfarið á sjóðsöfnun. Launagreiðendum ber skylda til að endurgreiða sjóðnum hluta af lífeyrisgreiðslum og að teknu tilliti til þeirra má ætla að sjóðurinn geti staðið við skuldbindingar sínar.

## Þróun sjóðsins, stjórnarháttayfirlýsing ofl.

Stjórn sjóðsins reiknar með að rekstur sjóðsins verði með svipuðu sniði á næsta ári. Stjórn sjóðsins hefur samþykkt sérstaka yfirlýsingu um stjórnarhætti, sem birt er með ársreikningnum.

# Skýrsla stjórnar

---


Sjóðurinn hefur ekki launað starfsmenn en er með samning við Stapa lífeyrissjóð um rekstur.

Bæjarsjóður Akureyrar er ábyrgur fyrir skuldbindingum sjóðsins.

Stjórn og framkvæmdastjóri Lífeyrissjóðs starfsmanna Akureyrarbæjar staðfesta hér með ársreikning sjóðsins fyrir árið 2016 með undirritun sinni.

Akureyri, 14. mars 2017

Í stjórn

  
Lukás Þór  
Sveinur Bjeld  
Guðna Guðlaug  
Jónna Þórunn Þorvæðis  
Anna Jakobsdóttir Bygðardóttir

Framkvæmdastjóri

  
Anni Björnsdóttir

## Yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris árið 2016

|  | Skýr. | 2016       | 2015       |
|--|-------|------------|------------|
| <b>Iðgjöld</b>   |       |            |            |
| Iðgjöld sjóðfélaga .....                                 |       | 16.830     | 17.220     |
| Iðgjöld launagreiðenda .....                             |       | 35.509     | 37.551     |
| Réttindaflutningur og endurgreiðslur .....               |       | (1.227)    | (473)      |
|  |       | 51.111     | 54.297     |
| Sérstök aukaframlög .....                                | 3     | 281.539    | 223.072    |
|  |       | 332.651    | 277.369    |
| <b>Lífeyrir</b>  |       |            |            |
| Heildarfjárhæð lífeyris .....                            | 4     | 682.096    | 583.419    |
| Framlag til starfsendurhæfingarsjóðs .....               |       | 596        | 794        |
|  |       | 682.692    | 584.213    |
| <b>Hreinar fjárfestingartekjur</b>                       |       |            |            |
| Hreinar tekjur af eignarhlutum í félögum og sjóðum ..... | 5     | 41.102     | 610.441    |
| Hreinar tekjur af skuldabréfum .....                     | 6     | 425.933    | 453.771    |
| Vaxtatekjur af handbæru fé .....                         |       | 11.187     | 19.489     |
| Fjárfestingargjöld .....                                 | 7     | (1.103)    | (1.002)    |
|  |       | 477.119    | 1.082.699  |
| <b>Rekstrarkostnaður</b>                                 |       |            |            |
| Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður .....                 | 8     | 30.490     | 28.968     |
|  |       | 30.490     | 28.968     |
| Önnur gjöld .....  | 11    | 76         | 7.827      |
| <b>Breyting á hreinni eign til greiðslu lífeyris</b>     |       |            |            |
| Hrein eign frá fyrra ári .....                           |       | 96.664     | 754.713    |
|  |       | 10.335.402 | 9.580.689  |
| <b>Hrein eign til greiðslu lífeyris í árslok</b>         |       | 10.432.066 | 10.335.402 |



## Efnahagsreikningur 31. desember 2016

| Eignir                                  | Skýr | 31.12.2016        | 31.12.2015        |
|---|------|-------------------|-------------------|
| <b>Fjárfestingar</b>                    |      |                   |                   |
| Eignarhlutir í félögum og sjóðum .....  | 9    | 2.791.365         | 2.604.335         |
| Skuldabréf .....                        | 10   | 7.383.083         | 7.351.184         |
|   |      | <u>10.174.448</u> | <u>9.955.519</u>  |
| <b>Kröfur</b>                           |      |                   |                   |
| Kröfur á launagreiðendur .....          |      | <u>68.024</u>     | <u>61.903</u>     |
| <b>Handbært fé .....</b>                |      | <u>200.695</u>    | <u>328.633</u>    |
| <b>Eignir samtals</b>                   |      | <u>10.443.167</u> | <u>10.346.056</u> |
| <b>Skuldir</b>                          |      |                   |                   |
| <b>Viðskiptaskuldir</b>                 |      |                   |                   |
| Aðrar skuldir .....                     | 14   | <u>11.101</u>     | <u>10.654</u>     |
| <b>Hrein eign til greiðslu lífeyris</b> |      | <u>10.432.066</u> | <u>10.335.402</u> |

## Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2016

|  | 2016             | 2015             |
|--|------------------|------------------|
| <b>Inngreiðslur</b>  |                  |                  |
| Iðgjöld .....  | 44.990           | 47.013           |
| Innborgaðar vaxtatekjur af handbæru fé og kröfum .....       | 11.187           | 19.489           |
| Aðrar inngreiðslur .....                                     | 281.539          | 223.072          |
|  | <u>337.716</u>   | <u>289.574</u>   |
| <b>Útgreiðslur</b>   |                  |                  |
| Lífeyrir .....   | 682.096          | 583.419          |
| Rekstrarkostnaður .....                                      | 30.490           | 28.968           |
| Aðrar útgreiðslur .....                                      | 1.252            | 1.212            |
|  | <u>713.838</u>   | <u>613.599</u>   |
| <b>Nýtt ráðstöfunarfé til fjárfestinga .....</b>             | <b>(376.122)</b> | <b>(324.026)</b> |
| <b>Fjárfestingarhreyfingar</b>                               |                  |                  |
| Innborgaðar tekjur af eignarhlutum í félögum og sjóðum ..... | 41.802           | 51.680           |
| Keyptir eignarhlutir í félögum og sjóðum .....               | (1.349.061)      | (1.430.897)      |
| Seldir eignarhlutir í félögum og sjóðum .....                | 1.161.333        | 1.123.428        |
| Afborganir höfuðstóls og vaxta skuldabréfa .....             | 572.924          | 1.057.961        |
| Keypt skuldabréf .....                                       | (387.369)        | (1.623.753)      |
| Seld skuldabréf .....  | 208.556          | 1.080.931        |
|  | <u>248.183</u>   | <u>259.350</u>   |
| <b>(Lækkun) hækkun á handbæru fé .....</b>                   | <b>(127.939)</b> | <b>(64.676)</b>  |
| <b>Handbært fé í upphafi árs .....</b>                       | <b>328.633</b>   | <b>393.309</b>   |
| <b>Handbært fé í lok árs .....</b>                           | <b>200.695</b>   | <b>328.633</b>   |

4-3-13

## Yfirlit um tryggingafræðilega stöðu 31. desember 2016

### Tryggingafræðileg staða 2016

| Eignir   | Áfallin<br>skuldbinding | Framtíðar-<br>skuldbinding | Heildar-<br>skuldbinding |
|--|-------------------------|----------------------------|--------------------------|
| Hrein eign til greiðslu lífeyris.....                          | 10.432,1                |                            | 10.432,1                 |
| Mismunur á bókfærðu verði og núvirði skuldabréfa.....          | 15,4                    |                            | 15,4                     |
| Mismunur á bókfærðu verði og matsvirði skráðra hlutabréfa..... | (52,2)                  |                            | (52,2)                   |
| Núvirði framtíðarfjárfestingarkostnaðar.....                   | (93,9)                  |                            | (93,9)                   |
| Núvirði framtíðarrekstrarkostnaðar.....                        | (263,9)                 | (14,6)                     | (278,5)                  |
| Núvirði framtíðariðgjalda.....                                 |                         | 367,0                      | 367,0                    |
| Eignir samtals.....  | 10.037,5                | 352,4                      | 10.389,9                 |
| <b>Skuldbindingar</b>  |                         |                            |                          |
| Ellilífeyrir.....  | 13.977,9                | 809,4                      | 14.787,3                 |
| Örorkulífeyrir.....  | 364,6                   | 41,2                       | 405,8                    |
| Makalífeyrir.....  | 2.852,7                 | 126,9                      | 2.979,6                  |
| Barnalífeyrir.....   | 1,4                     | 4,6                        | 6,0                      |
| Skuldbindingar samtals.....                                    | 17.196,6                | 982,1                      | 18.178,7                 |
| Eignir umfram skuldbindingar .....                             | (7.159,1)               | (629,7)                    | (7.788,8)                |
| Í hlutfalli af skuldbindingum í árslok.....                    | -41,63%                 | -64,12%                    | -42,85%                  |
| Í hlutfalli af skuldbindingum í ársbyrjun.....                 | -44,92%                 | -62,10%                    | -45,95%                  |

### Tryggingafræðileg staða 2015

| Eignir   | Áfallin<br>skuldbinding | Framtíðar-<br>skuldbinding | Heildar-<br>skuldbinding |
|--|-------------------------|----------------------------|--------------------------|
| Hrein eign til greiðslu lífeyris.....                          | 10.335,4                |                            | 10.335,4                 |
| Mismunur á bókfærðu verði og núvirði skuldabréfa.....          | 128,7                   |                            | 128,7                    |
| Mismunur á bókfærðu verði og matsvirði skráðra hlutabréfa..... | (75,8)                  |                            | (75,8)                   |
| Núvirði framtíðarfjárfestingarkostnaðar.....                   | (92,0)                  |                            | (92,0)                   |
| Núvirði framtíðarrekstrarkostnaðar.....                        | (256,3)                 | (16,5)                     | (272,8)                  |
| Núvirði framtíðariðgjalda.....                                 |                         | 376,8                      | 376,8                    |
| Eignir samtals.....  | 10.040,0                | 360,3                      | 10.400,3                 |
| <b>Skuldbindingar</b>  |                         |                            |                          |
| Ellilífeyrir.....  | 12.843,1                | 812,4                      | 13.655,5                 |
| Örorkulífeyrir.....  | 406,9                   | 54,0                       | 460,9                    |
| Makalífeyrir.....  | 2.687,2                 | 141,3                      | 2.828,5                  |
| Barnalífeyrir.....   | 1,0                     | 6,3                        | 7,3                      |
| Skuldbindingar samtals.....                                    | 15.938,2                | 1.014,0                    | 16.952,2                 |
| Eignir umfram skuldbindingar .....                             | (5.898,2)               | (653,7)                    | (6.551,9)                |
| Í hlutfalli af skuldbindingum í árslok.....                    | -37,01%                 | -64,47%                    | -38,65%                  |
| Í hlutfalli af skuldbindingum í ársbyrjun.....                 | -40,80%                 | -55,66%                    | -41,91%                  |

# Skýringar

## 1. Starfsemi

Lífeyrissjóður starfsmanna Akureyrarbæjar starfar samkvæmt lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997 og hefur til þess fullgilt starfsleyfi. Hlutverk sjóðsins er að tryggja sjóðfélögum, eftirlifandi mökum þeirra og börnum lífeyri samkvæmt ákvæðum í samþykktum sjóðsins. Aðild að sjóðnum eiga starfsmenn Akureyrarbæjar og stofnana hans sem ráðnir voru til starfa fyrir 1. janúar 1999 en sjóðnum var lokað fyrir nýjum starfsmönnum frá þeim tíma. Stapi lífeyrissjóður sér um rekstur sjóðsins í samræmi við samning milli sjóðanna þar um.

## 2. Reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er í samræmi við lög um ársreikninga og lög um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða og reglur um ársreikninga lífeyrissjóða nr. 335/2015. Í einhverjum tilvikum hefur verið vikið frá framsetningarformi samkvæmt viðauka 1 í reglunum, þegar upphæðir undirliða teljast óverulegar og eru þá felldar inn í aðra undirliði. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum.

Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaaðferðum sjóðsins.

### Gjaldmiðlar og vísitölur

Eignir og skuldir sem bundnar eru vísitölu eða gengi erlendra gjaldmiðla eru færðar upp miðað við verðlag eða gengi í árslok. Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gildandi gengi þess dags sem viðskiptin fara fram. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi í árslok. Gengi Seðlabanka Íslands greinist þannig:

|                              | Meðalgengi ársins |        | Árslokagengi |            |
|------------------------------|-------------------|--------|--------------|------------|
|                              | 2016              | 2015   | 31.12.2016   | 31.12.2015 |
| Evra ( EUR ).....            | 133,59            | 146,35 | 118,80       | 140,93     |
| Bandaríkjadalur ( USD )..... | 120,67            | 131,91 | 112,55       | 129,28     |

### Fjárhæðir

Fjárhæðir í reikningunum eru sýndar í þúsundum króna, nema í skýringu 13. sem sýnir tölur í milljónum króna.

### Áhættustjórnun

Lífeyrissjóðurinn hefur sett sér áhættustefnu, þar sem áhætta er skilgreind og helstu áhættuþáttum í starfsemi sjóðsins er lýst og hvernig stýringu á þeim er hátað. Sjóðurinn hefur ekki gert afleiðusamninga í þeim tilgangi að verja áhættu í starfsemi hans, hvorki fjárhagslega áhættu eða lýðfræðilega.

Áhættuvarnarreikningsskil eru ekki til staðar, og afleiðuviðskipti ekki viðhöfð og engir framvirkir gjaldreyrisskiptasamningar, valréttir eða afleiðusamningar eru við lýði hjá sjóðnum.

### Gangvirðismat og annað verðmat

Þessi skýring veitir upplýsingar um hvernig sjóðurinn metur virði hinna ýmsu fjáreigna sinna.

Matsaðferðunum er skipt í 3 stig sem endurspeglar mikilvægi þeirra forsendna sem lagðar eru til grundvallar við ákvörðun gangvirðis fjármálagerna eða mats sem ekki byggir á gangvirði. Stigin eru eftirfarandi:

**Stig 1:** gangvirðismatið byggir á uppgöfningu verði á virkum markaði.

**Stig 2:** gangvirðismatið byggir ekki á uppgöfningu verði á virkum markaði (stig 1) heldur á upplýsingum sem eru sannreynanlegar fyrir eignina, annað hvort beint (t.d. nýlegt viðskiptaverð) eða óbeint (t.d. afleiddar af verðum fjármálagerna með sambærilegan líftíma á virkum markaði), eða öðrum mikilvægum markaðsupplýsingum s.s. gengi frá rekstraraðila sjóðs, innra virði félags eða verðmati viðurkennds matsaðila.

**Stig 3:** gangvirðismatið byggir á kostnaðarverði eða lægra verði hafi sjóðurinn upplýsingar sem benda til þess.

### Skráning iðgjalda

Iðgjöld eru tekjufærð eftir skilgreinum sem berast sjóðnum. Iðgjöld eru flokkuð eftir því hvort þau eru greidd af sjóðfélögum sjálfum eða eru móttframlag launagreiðanda.

Framlag ríkisins til jöfnunar á örorkubyrdi er greitt til jöfnunar á örorkubyrdi á milli lífeyrissjóða og færast meðal iðgjalda.

### Lífeyrir

Undir lífeyri falla greiðslur sjóðsins til sjóðfélaga og skiptast þær í eftirlaun, makalífeyri, örorkulífeyri og barnalífeyri. Annar kostnaður sem færður er með lífeyriskostnaði er framlag í Virk starfsendurhæfingarsjóð og beinn kostnaður sem fellur til vegna örorkulífeyrisúrskurða.

# Skýringar

## 2. Reikningsskilaaðferðir (framhald)

### Fjárfestingar

Fjárfestingar sjóðsins skiptast í eignarhluta í félögum og sjóðum, skuldabréf og bundnar bankainnstæður. Skilgreiningar á framangreindri flokkun ásamt matsaðferðum sem beitt er við hvern lið fjárfestinga eru eftirfarandi:

Eignarhlutir í félögum og sjóðum eru framseljanleg verðbréf svo sem hlutabréf, hlutdeildarskírteini og önnur slík verðbréf og eru þau metin á gangvirði.

Skuldabréf eru framseljanleg skuldabréf og önnur skuldabréf sem gefin eru út af lánastofnunum, opinberum aðilum eða öðrum félögum. Hér er átt við bréf sem t.d. eru bundin við vísitölu eða gengi gjaldmiðla hvort sem vextir eru fastir eða hafa tiltekna vaxtaviðmiðun. Skuldabréf eru færð á gangvirði í árslok nema ef um er að ræða skuldabréf sem haldið er til gjalddaga s.s. skuldabréf vegna uppgjörs launagreiðanda á skuldbindingum við sjóðinn og útlán til sjóðfélaga, slík skuldabréf eru færð á upphaflegri kaupkröfu í efnahagsreikningi.

Bundnar bankainnstæður eru innlán í bönkum og sparisjóðum sem bundin eru til lengri tíma en 3 mánaða.

## 3. Sérstök aukaframlög

|  | 2016           | 2015           |
|--|----------------|----------------|
| Viðbótaframlög launagreiðenda.....               | 278.323        | 219.868        |
| Framlag ríkisins til jöfnunar á örorkubyrði..... | 3.216          | 3.204          |
|  | <b>281.539</b> | <b>223.072</b> |

## 4. Heildarfjárhæð lífeyris

|                     | 2016           | 2015           |
|---------------------|----------------|----------------|
| Eftirlaun.....      | 560.729        | 466.793        |
| Örorkulífeyrir..... | 27.369         | 28.335         |
| Makalífeyrir.....   | 93.649         | 88.034         |
| Barnalífeyrir.....  | 349            | 258            |
|                     | <b>682.096</b> | <b>583.419</b> |

## 5. Hreinar tekjur af eignarhlutum í félögum og sjóðum

|                                    | 2016          | 2015           |
|------------------------------------|---------------|----------------|
| Arðgreiðslur .....                 | 41.802        | 51.680         |
| Hagnaður af sölu eignarhluta ..... | 25.226        | 150.153        |
| Breytingar á gangvirði .....       | (25.925)      | 408.608        |
|                                    | <b>41.102</b> | <b>610.441</b> |

Hreinar tekjur af eignarhlutum í félögum og sjóðum sundurliðast þannig niður á fjárfestingar:

|                                       | 2016          | 2015           |
|---------------------------------------|---------------|----------------|
| Alda hlutabréf .....                  | (4.005)       | 0              |
| Alþjóðlegur hlutabréfasjóður .....    | (15.462)      | (8.476)        |
| EIK fasteignafélag hf. ....           | 17.795        | 9.830          |
| Eimskipafélag Íslands hf. ....        | 28.853        | 710            |
| Fjarskipti hf. ....                   | 774           | 9.885          |
| Gamma Equity Fund .....               | 12.566        | 0              |
| Gamma Iceland Fixed Income Fund ..... | 16.366        | 18.858         |
| Hagar hf. ....                        | 21.558        | 19.461         |
| HB Grandi hf. ....                    | (32.747)      | 30.792         |
| Icelandair Group hf. ....             | (98.345)      | 183.575        |
| Íslensk verðbréf hf. ....             | 4.695         | (0)            |
| Júpíter - Innlend hlutabréf .....     | 2.438         | 0              |
| Landsbréf - Veltubréf .....           | 6.804         | 0              |
| Marel hf. ....                        | (17.403)      | 223.887        |
| MF1 slhf. ....                        | 1.399         | 0              |
| N1 hf. ....                           | 27.872        | 19.944         |
| Össur hf. ....                        | 0             | 7.311          |
| Peningamarkaðssjóður ÍV .....         | (95)          | (467)          |
| Reginn hf. ....                       | 17.226        | 21.444         |
| Reitir fasteignafélag hf. ....        | 12.059        | 27.744         |
| Síminn hf. ....                       | (5.958)       | 0              |
| Sjóvá-Almennar tryggingar hf. ....    | 6.162         | 13.220         |
| Skammtímasjóður ÍV .....              | 14.682        | 13.836         |
| Stefnir - Lausafjár sjóður .....      | 11.016        | 8.348          |
| Tryggingamiðstöðin hf. ....           | 6.605         | 4.987          |
| Vaxtryggingafélag Íslands hf. ....    | 2.654         | 5.592          |
| Veðskuldabréfasjóður ÍV .....         | 3.592         | (40)           |
|                                       | <b>41.102</b> | <b>610.441</b> |

# Skýringar

## 6. Hreinar tekjur af skuldabréfum

| Tekjur flokkaðar eftir verðmatsaðferðum:    | 2016           | 2015           |
|---|----------------|----------------|
| Skuldabréf á gangvirði - stig 1 .....       | 130.166        | 124.765        |
| Skuldabréf á metnu gangvirði - stig 2 ..... | 36.301         | 75.119         |
| Skuldabréf á metnu gangvirði - stig 3 ..... | 1.512          | 0              |
| Skuldabréf haldið til gjalddaga .....       | 257.954        | 253.888        |
|   | <u>425.933</u> | <u>453.771</u> |

Hreinar tekjur greinast þannig eftir skuldabréfaflokkum á árinu 2016:

|                                  | Gangvirði      | Kostnaðarvirði | Samtals        |
|----------------------------------|----------------|----------------|----------------|
| Skuldabréf með ríkisábyrgð ..... | 96.795         | 160.230        | 257.026        |
| Skuldabréf sveitarfélaga .....   | 36.123         | 0              | 36.123         |
| Skuldabréf lánastofnana .....    | 33.549         | 0              | 33.549         |
| Skuldabréf fyrirtækja .....      | 0              | 97.599         | 97.599         |
| Veðlán sjóðfélaga .....          | 0              | 1.637          | 1.637          |
|                                  | <u>166.467</u> | <u>259.466</u> | <u>425.933</u> |

Hreinar tekjur greinast þannig eftir skuldabréfaflokkum á árinu 2015:

|                                  | Gangvirði      | Kostnaðarvirði | Samtals        |
|----------------------------------|----------------|----------------|----------------|
| Skuldabréf með ríkisábyrgð ..... | 126.365        | 155.617        | 281.982        |
| Skuldabréf sveitarfélaga .....   | 73.519         | 0              | 73.519         |
| Skuldabréf lánastofnana .....    | 0              | 6.405          | 6.405          |
| Skuldabréf fyrirtækja .....      | 0              | 89.811         | 89.811         |
| Veðlán sjóðfélaga .....          | 0              | 2.055          | 2.055          |
|                                  | <u>199.884</u> | <u>253.888</u> | <u>453.771</u> |

## 7. Fjárfestingargjöld

| Árið 2016  | Bein fjárfest. gjöld | Áætluð fjárfest. gjöld | Fjárfest. gjöld samtals | Heildareign í sjóðum að meðaltali á árinu | Hlutfall gjalda | fjárfest. alls af meðaleign |
|--|----------------------|------------------------|-------------------------|---|-----------------|-----------------------------|
| <b>Umsýslubóknanir:</b>                              |                      |                        |                         |   |                 |                             |
| Vegna innl. verðbréfa- og fjárfestingarsjóða .....   | 0                    | 4.164                  | 4.164                   | 915.839                                   |                 | 0,45%                       |
| Vegna innl. fagfjárfestasjóða og annarra sjóða ..... | 0                    | 6.509                  | 6.509                   | 574.814                                   |                 | 1,13%                       |
| Umsýslubóknanir samtals .....                        | 0                    | 10.672                 | 10.672                  | 1.490.653                                 |                 | 0,72%                       |
| Kaup- og sölubókn. vegna verðbréfavíðskipta .....    | 1.573                | 0                      | 1.573                   |   |                 |                             |
| Vörslubóknanir .....                                 | 1.103                | 0                      | 1.103                   |   |                 |                             |
| Önnur fjárfestingargjöld .....                       | 0                    | 3.242                  | 3.242                   |   |                 |                             |
| Fjárfestingargjöld samtals .....                     | <u>2.676</u>         | <u>13.915</u>          | <u>16.591</u>           |   |                 |                             |

### Árið 2015

|  |              |              |               |           |  |       |
|--|--------------|--------------|---------------|-----------|--|-------|
| <b>Umsýslubóknanir:</b>                              |              |              |               |           |  |       |
| Vegna innl. verðbréfa- og fjárfestingarsjóða .....   | 0            | 1.339        | 1.339         | 702.736   |  | 0,19% |
| Vegna innl. fagfjárfestasjóða og annarra sjóða ..... | 0            | 5.858        | 5.858         | 326.984   |  | 1,79% |
| Umsýslubóknanir samtals .....                        | 0            | 7.197        | 7.197         | 1.029.720 |  | 0,70% |
| Kaup- og sölubókn. vegna verðbréfavíðskipta .....    | 2.801        | 0            | 2.801         |           |  |       |
| Vörslubóknanir .....                                 | 1.002        | 0            | 1.002         |           |  |       |
| Önnur fjárfestingargjöld .....                       | 0            | 1.838        | 1.838         |           |  |       |
| Fjárfestingargjöld samtals .....                     | <u>3.804</u> | <u>9.036</u> | <u>12.839</u> |           |  |       |

Kaup- og sölubóknanir vegna verðbréfavíðskipta eru inni í hreinum tekjum viðkomandi verðbréfa og þar með eignaflokks.

# Skýringar

## 8. Rekstrarkostnaður

### 8.1 Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður:

|                               | 2016          | 2015          |
|-------------------------------|---------------|---------------|
| Laun og launatengd gjöld..... | 1.601         | 1.142         |
| Endurskoðun .....             | 2.884         | 1.525         |
| Innri endurskoðun.....        | 805           | 689           |
| Tryggingafræðileg aðstoð..... | 1.241         | 1.700         |
| Fjármálaeftirlitið.....       | 2.599         | 2.428         |
| Önnur aðkeypt þjónusta.....   | 186           | 661           |
| Rekstrarþóknun.....           | 20.723        | 20.226        |
| Annar kostnaður.....          | 450           | 598           |
|                               | <u>30.490</u> | <u>28.968</u> |

### 8.2 Laun og launatengd gjöld:

|  | 2016         | 2015         |
|--|--------------|--------------|
| Laun stjórnar og endurskoðunarnefndar..... | 1.380        | 983          |
| Launatengd gjöld .....                     | 221          | 159          |
|  | <u>1.601</u> | <u>1.142</u> |

|                              |   |   |
|------------------------------|---|---|
| Stöðugildi að meðaltali..... | 0 | 0 |
|------------------------------|---|---|

### 8.3 Laun stjórnarmanna, framkvæmdastjóra og endurskoðunarnefndar:

|   | 2016         | 2015       |
|---|--------------|------------|
| Laun stjórnar:                            |              |            |
| Arna Jakobína Björnsdóttir .....          | 150          | 90         |
| Bjarni Thorarensen Jóhannsson.....        | 0            | 47         |
| Eiríkur Björn Björgvinsson, formaður..... | 300          | 180        |
| Eva Hrund Einarsdóttir.....               | 30           | 47         |
| Gunnar Gíslason.....                      | 150          | 90         |
| Hanna Rósa Sveinsdóttir.....              | 150          | 90         |
| Sigríður Huld Jónsdóttir.....             | 150          | 90         |
| Laun endurskoðunarnefndar:                |              |            |
| Arna Jakobína Björnsdóttir .....          | 150          | 117        |
| Fjóla Björk Jónsdóttir.....               | 150          | 117        |
| Gunnar Gíslason.....                      | 150          | 117        |
|   | <u>1.380</u> | <u>983</u> |

### 8.4 Þóknar til ytri endurskoðenda sjóðsins:

|                               | 2016  | 2015  |
|-------------------------------|-------|-------|
| Þóknun fyrir endurskoðun..... | 2.884 | 1.525 |

### 8.5 Þóknar til innri endurskoðenda sjóðsins:

|                                     | 2016 | 2015 |
|-------------------------------------|------|------|
| Þóknun fyrir innri endurskoðun..... | 805  | 689  |

### 8.6 Þóknar til tryggingastærðfræðings sjóðsins:

|   | 2016         | 2015         |
|---|--------------|--------------|
| Þóknun fyrir útreikninga á tryggingafræðilegri stöðu..... | 918          | 1.042        |
| Önnur þjónusta.....                                       | 323          | 658          |
|   | <u>1.241</u> | <u>1.700</u> |

## 9. Eignarhlutir í félögum og sjóðum

|  | 31.12.2016       | 31.12.2015       |
|--|------------------|------------------|
| Eignarhlutir í innlendum hlutafélögum.....   | 1.334.302        | 1.807.530        |
| Hlutdeildarskírteini í erlendum sjóðum.....  | 0                | 191.524          |
| Hlutdeildarskírteini í innlendum sjóðum..... | 1.457.063        | 605.281          |
|  | <u>2.791.365</u> | <u>2.604.335</u> |

# Skýringar

## 9. Eignarhlutir í félögum og sjóðum (framhald)

Eignarhlutir í innlendum félögum greinast þannig:

|   | Hlutdeild | 31.12.2016        | 31.12.2015        |
|---|-----------|-------------------|-------------------|
| <b>Skráð félög:</b>   |           |                   |                   |
| EIK fasteignafélag hf.....  | 0,16%     | 57.459            | 67.337            |
| Eimskipafélag Íslands hf.....   | 0,15%     | 96.105            | 51.339            |
| Fjarskipti hf.....  | 0,16%     | 22.497            | 38.195            |
| HB Grandi hf.....   | 0,11%     | 52.780            | 126.588           |
| Hagar hf.....   | 0,16%     | 99.900            | 126.336           |
| Icelandair Group hf.....  | 0,16%     | 181.797           | 413.118           |
| Marel hf.....   | 0,16%     | 281.637           | 443.372           |
| N1 hf.....  | 0,16%     | 52.556            | 44.115            |
| Reginn hf.....  | 0,16%     | 64.976            | 67.620            |
| Reitir fasteignafélag hf.....   | 0,16%     | 109.395           | 151.020           |
| Síminn hf.....  | 0,15%     | 45.542            | 0                 |
| Sjóvá-Almennar tryggingar hf.....                                     | 0,16%     | 37.500            | 47.639            |
| Tryggingarmiðstöðin hf.....   | 0,16%     | 30.944            | 42.701            |
| Vátryggingafélag Íslands hf.....                                      | 0,16%     | 33.190            | 53.017            |
|   |           | <u>1.166.278</u>  | <u>1.672.395</u>  |
| <b>Óskráð félög:</b>  |           |                   |                   |
| Íslensk verðbréf hf.....  | 9,99%     | 127.727           | 127.727           |
| MF1 slhf.....   | 3,70%     | 40.288            | 7.407             |
| Gamli Byr ehf.....  | 0,25%     | 10                | 0                 |
|   |           | <u>168.024</u>    | <u>135.134</u>    |
| <b>Eignarhlutir í innlendum félögum alls.....</b>                     |           | <u>1.334.302</u>  | <u>1.807.530</u>  |
| <b>Eignarhlutir í erlendum sjóðum greinast þannig:</b>                |           |                   |                   |
| ÍV Alþjóðlegur hlutabréfasjóður.....                                  |           | 0                 | 191.524           |
| <b>Eignarhlutir í erlendum sjóðum alls .....</b>                      |           | <u>0</u>          | <u>191.524</u>    |
| <b>Hlutabréfaeign alls .....</b>                                      |           | <u>1.334.302</u>  | <u>1.999.054</u>  |
| <b>Hlutdeildarskírteini greinast þannig:</b>                          |           |                   |                   |
| <b>Innlendir sjóðir greinast þannig:</b>                              |           | <b>31.12.2016</b> | <b>31.12.2015</b> |
| Alda hlutabréf .....  |           | 195.995           | 0                 |
| Gamma Equity Fund .....   |           | 422.507           | 0                 |
| Gamma Icelandic Fixed Income Fund.....                                |           | 194.217           | 177.852           |
| Júpíter - Innlend hlutabréf .....                                     |           | 102.438           | 0                 |
| Landsbréf - Veðskuldabréfasjóður .....                                |           | 29.368            | 0                 |
| Landsbréf - Veltubréf .....   |           | 256.804           | 0                 |
| Peningamarkaðssjóður ÍV .....   |           | 0                 | 986               |
| Skammtímasjóður ÍV .....  |           | 97.176            | 282.494           |
| Stefnir - Lausafjár sjóður .....                                      |           | 113.669           | 102.653           |
| Veðskuldabréfasjóður ÍV.....  |           | 44.888            | 41.296            |
| <b>Hlutdeildarskírteini í innlendum sjóðum alls.....</b>              |           | <u>1.457.063</u>  | <u>605.281</u>    |
| <b>Eignarhlutir í félögum og sjóðum alls .....</b>                    |           | <u>2.791.365</u>  | <u>2.604.335</u>  |
| <b>Eignarhlutir í félögum og sjóðum flokkaðir eftir matsaðferðum:</b> |           |                   |                   |
|   |           | <b>31.12.2016</b> | <b>31.12.2015</b> |
| Eignarhlutir og sjóðir á gangvirði - stig 1 .....                     |           | 2.110.802         | 2.468.215         |
| Eignarhlutir og sjóðir á metnu gangvirði - stig 2 .....               |           | 583.376           | 128.713           |
| Eignarhlutir og sjóðir á metnu gangvirði - stig 3 .....               |           | 97.186            | 7.407             |
|   |           | <u>2.791.365</u>  | <u>2.604.335</u>  |



# Skýringar

## 10. Skuldabréf

|  | 31.12.2016 | 31.12.2015 |
|--|------------|------------|
| Skuldabréf með ríkisábyrgð:            |            |            |
| Húsbréf.....                           | 4.382      | 6.219      |
| Íbúðabréf.....                         | 1.083.631  | 1.082.509  |
| Ríkisbréf.....                         | 698.847    | 852.588    |
| Önnur skuldabréf með ríkisábyrgð ..... | 3.232.448  | 3.330.975  |
|  | 5.019.307  | 5.272.291  |
| Skuldabréf sveitarfélaga .....         | 768.115    | 805.072    |
| Skuldabréf lánastofnana .....          | 372.614    | 305.679    |
| Skuldabréf fyrirtækja .....            | 1.267.603  | 1.156.334  |
| Veðlán sjóðfélaga.....                 | 21.604     | 27.316     |
| Niðurfærslur skuldabréfa.....          | (66.160)   | (215.508)  |
| Skuldabréf alls .....                  | 7.383.083  | 7.351.184  |

### Skuldabréf flokkuð eftir matsaðferðum:

#### Skuldabréf á gangvirði:

|   |           |           |
|---|-----------|-----------|
| Skuldabréf á gangvirði - stig 1 .....       | 2.101.285 | 1.935.097 |
| Skuldabréf á metnu gangvirði - stig 2 ..... | 772.497   | 811.291   |
| Skuldabréf á metnu gangvirði - stig 3 ..... | 2.768     | 2.516     |
|   | 2.876.550 | 2.748.904 |

#### Skuldabréf haldið til gjalddaga:

|                                      |           |           |
|--------------------------------------|-----------|-----------|
| Ríkisskuldabréf.....                 | 3.232.448 | 3.330.975 |
| Skuldabréf lánastofnana .....        | 0         | 99.609    |
| Skuldabréf fyrirtækja .....          | 1.252.697 | 871.961   |
| Veðlán sjóðfélaga.....               | 21.388    | 299.735   |
| Skuldabréf haldið til gjalddaga..... | 4.506.533 | 4.602.280 |

#### Skuldabréf samtals.....

7.383.083 7.351.184

Áætlað gangvirði þeirra framangreindra skuldabréfa sem haldið er til gjalddaga..... 4.821.897 4.925.536

## 11. Niðurfærsla skuldabréfa

|  |           |         |
|--|-----------|---------|
| Niðurfærsla í ársbyrjun .....            | 215.508   | 223.335 |
| Afskrifað tapað og fært út á árinu ..... | (149.272) | 0       |
| Breyting niðurfærslu á árinu.....        | (76)      | (7.827) |
|  | 66.160    | 215.508 |

Verðbréf eru færð niður í efnahagsreikningi vegna óvissu um innheimtu. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða heldur er myndaður afskriftareikningur til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Bókfærð niðurfærsla skiptist þannig að 53,3 m.kr. eru vegna skuldbréfa fjármálastofnana og 12,9 m.kr. er vegna annarra skuldabréfa á kostnaðarvirði.

## 12. Skipting fjárfestinga eftir gjaldmiðlum

|                                       | Í íslenskum krónum | Í erlendum gjaldmiðlum | Samtals    |
|---------------------------------------|--------------------|------------------------|------------|
| Árið 2016                             |                    |                        |            |
| Eignarhlutir í félögum og sjóðum..... | 2.791.365          | 0                      | 2.791.365  |
| Skuldabréf.....                       | 7.383.083          | 0                      | 7.383.083  |
|                                       | 10.174.448         | 0                      | 10.174.448 |
| Hlutfallsleg skipting .....           | 100%               | 0%                     | 100%       |
| Árið 2015                             |                    |                        |            |
| Eignarhlutir í félögum og sjóðum..... | 2.604.335          | 0                      | 2.604.335  |
| Skuldabréf.....                       | 7.351.184          | 0                      | 7.351.184  |
|                                       | 9.955.519          | 0                      | 9.955.519  |
| Hlutfallsleg skipting .....           | 100%               | 0%                     | 100%       |

# Skýringar

## 13. Lífeyrisskuldbindingar

Tryggingafræðilegt mat á lífeyrisskuldbindingum lífeyrissjóðsins:

Samkvæmt niðurstöðu tryggingafræðilegrar athugunar á stöðu sjóðsins í árslok 2016 miðað við 2% ársvexti umfram laun þá vantar sjóðinn 7.159 milljónir króna til að mæta áföllnum skuldbindingum eða 42% af skuldbindingum. Heildarskuldbindingar umfram eignir eru 7.789 milljónir króna eða 43% af skuldbindingum. Tryggingafræðileg staða sjóðsins versnaði um 1.237 milljónir króna á árinu 2016. Vísað er í áritun tryggingastærðfræðings vegna frekari forsendna við matið.

| Eignir   | 31.12.2016       | 31.12.2015     |
|--|------------------|----------------|
| Endurmetin eign til tryggingafræðilegs uppgjors í árslok.....    | 10.389,9         | 10.400,3       |
| Endurmetin eign til tryggingafræðilegs uppgjors í ársbyrjun..... | 10.400,3         | 9.786,2        |
| Hækkun/lækkun endurmetinnar eignar á árinu.....                  | -10,4            | 614,1          |
| <b>Skuldbindingar</b>  |                  |                |
| Skuldbindingar í árslok.....                                     | 18.178,7         | 16.952,2       |
| Skuldbindingar í ársbyrjun.....                                  | 16.952,2         | 15.632,4       |
| Hækkun/lækkun skuldbindinga á árinu.....                         | 1.226,5          | 1.319,8        |
| <b>Breyting á tryggingafræðilegri stöðu á árinu.....</b>         | <b>(1.236,9)</b> | <b>(705,7)</b> |

### Yfirlit um breytingar á áföllnum lífeyrisskuldbindingum samtryggingardeildar árið 2016

|   |                 |                 |
|---|-----------------|-----------------|
| Áfallnar lífeyrisskuldbindingar í ársbyrjun.....          | 15.938,2        | 14.457,9        |
| Hækkun lífeyrisskuldbindinga vegna vaxta og verðbóta..... | 1.797,4         | 1.955,6         |
| Hækkun áunninna réttinda vegna iðgjalda ársins.....       | 144,1           | 129,0           |
| Lækkun vegna greidds lífeyris á árinu.....                | (719,3)         | (583,4)         |
| Hækkun vegna nýrra taflna um lífslíkur.....               | 214,0           | 0,0             |
| Hækkun/lækkun vegna annarra breytinga.....                | (177,8)         | (20,9)          |
| <b>Áfallnar lífeyrisskuldbindingar í árslok</b>           | <b>17.196,6</b> | <b>15.938,2</b> |

Þann 13. janúar 2017 var undirritað samkomulag milli ríkisins og Akureyrarkaupstaðar um fullnaðaruppgjör lífeyrisskuldbindinga Öldrunarheimila Akureyrarbæjar. Samkomulagið er háð ákveðnum fyrirvörum. Samkomulagið felur m.a. í sér að ríkið yfirtekur 97% af lífeyrisskuldbindingum Öldrunarheimila Akureyrarbæjar í A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna Akureyrarbæjar m.v. árslok 2015 og greiðir andvirði yfirtekinn lífeyrisskuldbindinga til sjóðsins. Gangi samkomulagið eftir mun það hafa jákvæð áhrif á tryggingafræðilega stöðu sjóðsins.

## 14. Aðrar skuldir

|                          | 31.12.2016 | 31.12.2015 |
|--------------------------|------------|------------|
| Ógreiddur kostnaður..... | 11.101     | 10.654     |

## 15. Ábyrgðir og skuldbindingar utan efnahags

Sjóðurinn hefur skuldbundið sig til þátttöku í innlendum fagfjárfestastjóðum. Greiðslur vegna skuldbindinganna geta að hámarki numið 132 milljónum króna. Á móti koma endurgreiðslur frá sjóðunum þegar fjárfestingarnar greiðast upp.

## 16. Áhættuþættir í starfsemi og áhættustýring

### 16.1 Áhættustefna, skipulag og markmið áhættustýringar

Í daglegri starfsemi sinni sem lífeyrissjóður stendur sjóðurinn frammi fyrir ýmsum tegundum áhættu. Stjórnendur sjóðsins bera ábyrgð á að gera sér grein fyrir þeim áhættuþáttum sem fylgja starfseminni og að fullnægjandi áhættustýring sé ávallt til staðar. Til að mæta þessari kröfu hefur sjóðurinn mótað sérstaka áhættustefnu, þar sem áhætta er skilgreind, helstu áhættuþáttum lýst og gerð grein fyrir skipulagi og framkvæmd áhættustýringar. Stjórn sjóðsins ber ábyrgð á því að móta og samþykkja áhættustefnu og sjá til þess að virk áhættustýring sé til staðar hjá sjóðnum, sem tekur til allrar starfsemi hans. Áhættustýring skal innihalda skilvirka ferla og vinnulag. Hún þarf einnig að tryggja að framkvæmda- og áhættustjóri fylgist með því að þessir ferlar séu fullnægjandi og verklag sé skilvirkt. Hluti af áhættustefnu er áhættuáætlun sem sett er upp í fjárfestingarstefnu sjóðsins, þar er áhættuþol sjóðsins metið og töluleg markmið sett um áhættu og hvernig takmörk um áhættu eru nýtt í einstökum flokkum eigna. Í áhættustefnu er hins vegar fjallað um hvernig áhætta er metin og hvernig fylgst er með að áhættuviðmið séu haldin og hvernig eftirliti er háttað. Lagt er mat á mikilvægi áhættuflokka, eftirlitsaðgerðir eru skilgreindar og sett fram dagskrá áhættustýringar, þar sem eftirlitsaðgerðir eru tímasettar, hver ber ábyrgð og hvaða skýrslum skuli skilað. Stjórn er skilað reglulegum skýrslum um framkvæmd áhættustýringar auk skýrslna um hlítinu við lög, reglur og stefnu sjóðsins. Fjárfestingum og raunar allri starfsemi fylgir áhætta. Til að ná markmiðum sínum þarf sjóðurinn að taka áhættu. Áhættustýring felst í því að stýra áhættu þannig að hún verði innan þeirra marka sem starfseminni hefur verið sett.

### 16.2 Helstu flokkar áhættu í starfsemi sjóðsins

Flokka má áhættu í starfsemi sjóðsins í marga flokka. Hér fyrir neðan er gerð grein fyrir helstu áhættuflokkum, en undir hverjum og einum flokki eru margir undirflokkar áhættu sem fylgst er með.

#### Lífeyrstryggingaráhætta:

Með lífeyrstryggingaráhættu er átt við hættuna á því að skuldbindingar sjóðsins vaxi umfram eignir og að skerða þurfi réttindi sjóðfélaga eða hún leiði til verulega aukinnar byrðar ábyrgðaraðila. Helstu áhættuþættir í þessum flokki eru skerðingaráhætta og lýðfræðileg áhætta, en einnig má nefna iðgjaldaáhætta og lausafjáráhætta. Skerðingaráhætta er hættan á því að skerða þurfi lífeyrisréttindi sjóðfélaga. Lýðfræðileg áhætta er hættan á að lýðfræðilegar forsendur sem notaðar eru við mat á lífeyrisloforðum sjóðsins breytist á þann veg að skuldbindingar hans hækki umfram áætlanir. Þar sem Akureyrarbær ábyrgist skuldbindingar sjóðsins er lífeyrstryggingaráhætta, bæði skerðingaráhætta og áhætta vegna vanmats á lýðfræðilegum forsendum metin óveruleg fyrir sjóðfélaga. Verulega vantar upp á að sjóðurinn eigi eignir til að mæta skuldbindingum og því er lífeyrstryggingaráhætta veruleg fyrir ábyrgðaraðilann. Fylgst er með lífeyrstryggingaráhættu með árlegu tryggingafræðilegu mati, sem tryggingastærðfræðingur sjóðsins framkvæmir. Lausafjáráhætta er fólgin í hættunni á að sjóðurinn eigi ekki laust fé til að standa straum af lífeyrisgreiðslum og rekstri. Hluti af lausafjáráhættu er seljanleikaáhætta eigna, þ.e. hversu auðvelt er að breyta eignum í laust fé. Til að mæta lausafjáráhættu hefur sjóðurinn sett sér það markmið að eiga á hverjum tíma laust fé til að mæta a.m.k. 2 mánaða útgjöldum vegna lífeyris og rekstrar.

#### Mótaðilaáhætta:

Mótaðilaáhætta er hættan á að mótaðilar eða milliliðir í viðskiptum, t.d. útgefendur skuldabréfa, sjóðfélagar, fyrirtæki og uppgjörshús, standi ekki í skilum (t.d. vegna gjaldþrots) eða að hæfni þeirra til greiðslu versni verulega, bæði vegna útlána og kaupa á fjármálagerningum á markaði. Samþjöppunar- og landsáhætta fellur undir mótaðilaáhættu, enda felur hún í sér hættuna á að margir mótaðilar lendi samtímis í vanefndum. Mótaðilaáhætta er metin bæði áður en viðskipti eiga sér stað og síðan í eftirfylgni með vörslu, endurgreiðslu og uppgjöri á fjármálagerningum. Mótaðilaáhættu þ.m.t. útlánaáhættu er stýrt með áreiðanleikakönnunum og lánshæfismati á mótaðilum, mörkum sem sett eru um kröfur á einstaka aðila eða skylda aðila í eignasafni sjóðsins, reglubundinni skýrslugjöf frá mótaðilum og mati á fjárhagstyrk þeirra, eftirfylgni með skilum og innheimtuaðgerðum, auk reglna um áhættuflokkun viðskiptamanna og varúðarniðurfærslur. Gerð er grein fyrir þróun mótaðilaáhættu í reglubundinni skýrslugjöf til stjórnar.

## 16. Áhættuþættir í starfsemi og áhættustýring (framhald)

### Fjárhagsleg áhætta:

Með fjárhagslegri áhættu er átt við hættuna á því að fjárhagslegar eignir sjóðsins rýrni í verði og að tekjur af þeim verði lakari en væntingar stóðu til. Sjóðurinn er fyrst og fremst markaðsfjárfestir og eignir hans eru háðar sveiflum á fjármálamörkuðum. Fjárhagsleg áhætta markast af þeim eignaflokkum sem sjóðurinn fjárfestir í og hvernig eignasafn hans er saman sett.

Fjárhagsleg áhætta (markaðsáhætta) lýtur fyrst og fremst að fjárhagslegum atriðum í starfsemi sjóðsins, þ.e. hættu á fjárhagslegu tapi vegna breytinga á markaðsvirði liða innan og utan efnahagsreiknings, þar á meðal vegna breytinga á vöxtum, uppgreiðslu- og endurfjárfestingaráhættu, gengi gjaldmiðla, verðbólgu og breytinga á virði fjáreigna. Þessi áhætta getur leitt til neikvæðra áhrifa á rekstur og/eða efnahag, bæði vegna aðgerða eða atburða innan sjóðsins eða utan hans. Neikvæð áhrif á rekstur og efnahag geta dregið úr möguleikum lífeyrissjóðsins til að framfylgja stefnu og ná markmiðum sínum. Fjárhagslegri áhættu er fyrst og fremst stýrt með því að fjárfesta í mismunandi flokkum eigna, sem hegða sér misjafnlega við mismunandi markaðsaðstæður, og dreifa þannig áhættu. Í fjárfestingastefnu sjóðsins eru fjölmörg ákvæði sem sett eru í þeim tilgangi að stýra áhættu. Þar eru sett markmið um eignasamsetningu, ákvarðaðar viðmiðunarvísitölur sem tekið er mið af við stýringu eigna og vikmörk sett um frávik frá viðmiði. Sett er fram sérstök áhættuáætlun, þar sem tilgreind eru markmið áhættu, mæld sem staðalfrávik ávöxtunar, og hvernig það er útfært niður á einstaka eignaflokka, markmið um hermiskekkju, vágildi (VaR) og fleiri áhættumælikvarða. Mælingar á markaðsáhættu er gerðar með reglulegu millibili og skilar áhættustjóri reglubundnum skýrslum til stjórnar um það efni. Brugðist er við með breytingum á eignasamsetningu þríst þessir mælikvarðar á þann veg að hættu sé á að áhætta fari út fyrir markmiðsáhættu sjóðsins.

### Rekstraráhætta:

Rekstraráhætta lýtur fyrst og fremst að starfsemi lífeyrissjóðsins. Starfsemin skal lúta þeim reglum sem um hann eru settar í lögum, reglugerðum, eigin samþykktum og reglum sjóðsins. Stefnt skal að sem mestri hagkvæmni í rekstri þannig að sem mestar líkur séu á að sjóðurinn nái markmiðum sínum. Sjóðnum skal stjórnað með heiðarleika, ráðvæðni og góða starfshætti að leiðarljósi. Rekstrar- og umhverfisáhætta er að jafnaði skilgreind sem hættan á tjóni sem rekja má til ófullnægjandi eða ónothæfra innri verkferla, starfsmanna, sviksemi, orðspors, upplýsingakerfa eða til ytri atburða. LSA hefur ekki eigin starfsmenn. Stapi lífeyrissjóður sér um rekstur LSA í samræmi við samning sjóðanna. Samningurinn innifelur að skipurit Stapa og allt skipulag gildir einnig fyrir starfsemi LSA, eftir því sem við getur átt, þ.m.t. verkferni og valdheimildir framkvæmdastjóra, áhættustjóra, fjárfestingaráðs og lífeyrisnefndar. Til að stýra rekstraráhættu hefur sjóðurinn sett sér margvíslegar reglur sem gilda um starfssemi hans, þ.m.t. starfsreglur stjórnar, siðareglur, verklagsreglur um verðbréfavíðskipti, reglur um upplýsingagjöf til stjórnar og ítarlegar reglur um heimildir til fjárfestinga auk þess sem starfslýsingar, verkferlar, reglur og eftirlitsaðgerðir í starfsemi Stapa gilda einnig um starfsemi LSA, eftir því sem við getur átt. Í skipulagi eru sett skýr starfs- og ábyrgðarsvið, aðgreining starfa rekstraaðila er afmörkuð með ítarlegum starfslýsingum og verkferlum. Reglubundin fundahöld eru með starfsmönnum, þ.m.t. starfsmannasamtöl, rekstraraðili hefur sérstaka starfsdaga þar sem farið er yfir öll svið starfseminnar og boðið upp á þjálfun og námskeiðahald. Rekstraraðili leggur áherslu á góðan og jákvæðan starfsanda, að hann sé eftirsóknarverður vinnustaður, boðleiðir séu stuttar og að strax sé brugðist við vandamálum sem lúta að starfsmönnum og velferð þeirra. Beitt er virku innra eftirliti og gerðar eru margháttáðar kannanir á öllum helstu þáttum í starfsemi sjóðsins og er niðurstöðum slíkra kannana skilað til endurskoðunarnefndar og stjórnar sjóðsins.

### 16.3 Næmnigreining áhættuþátta:

Í töflunni hér fyrir neðan er reynt að meta hvaða áhrif möguleg áföll geta haft á efnahag og afkomu sjóðsins. Settir eru upp þrjú möguleikar með stigavaxandi breytingum vegna hvers áhættuþátta sem tiltekinn er og sýnt hvaða áhrif breytingin hefur á afkomu og efnahag sjóðsins. Um er að ræða "hvað-ef" aðferðafræði, þar sem ekki er tekið tillit til innbyrðis fylgni milli áhættuþátta. Áfallastigum er skipt niður í hóflegt, miðlungs og mikið áfall og er sýnd magnbreyting á hverju stigi. Gerð er grein fyrir hverjum áhættuþætti í tveimur línum. Fyrri línan sýnir breytingu á áhættuþætti og sú síðari áhrif breytingarinnar á sjóðinn:

| Áhættuþáttur /stærð efnahagsáfalls                           | Hóflegt | Miðlungs | Mikið |
|--|---------|----------|-------|
| Vaxtahækkun á innlendum markaði                              | 0,5%    | 1,0%     | 2,0%  |
| Afkoma sjóðsins, vegna vaxtahækkunar                         | -0,9%   | -1,8%    | -3,5% |
| Styrking krónu, bæði gagnvart USD og EUR                     | 5,0%    | 10,0%    | 20,0% |
| Afkoma sjóðsins, vegna styrkingar krónu                      | 0,0%    | 0,0%     | 0,0%  |
| Hlutabréf lækka, bæði innlend og erlend                      | 5,0%    | 10,0%    | 20,0% |
| Afkoma sjóðsins, vegna lækkunar hlutabréfa                   | -1,0%   | -1,9%    | -3,9% |
| Tap vegna skuldaráhættu í safni annarra markaðsskuldabréfa   | 5,0%    | 10,0%    | 20,0% |
| Afkoma sjóðsins, vegna afskrifta á öðrum markaðsskuldabréfum | -1,0%   | -1,9%    | -3,9% |

# Skýringar

## Kennitölur

|  | 2016    | 2015      | 2014    | 2013    | 2012    |
|--|---------|-----------|---------|---------|---------|
| Hrein eign umfram heildarskuldbindingar .....                    | -42,9%  | -38,6%    | -37,4%  | -36,2%  | -38,3%  |
| Hrein eign umfram áfallnar skuldbindingar .....                  | -41,7%  | -37,0%    | -34,8%  | -33,5%  | -34,7%  |
| Hrein raunávöxtun.....   | 2,25%   | 9,00%     | 4,66%   | 7,15%   | 3,02%   |
| Meðaltal hreinnar raunávöxtunar s.l. 5 ár .....                  | 5,19%   | 5,33%     | 4,20%   | 3,89%   | 2,35%   |
| Meðaltal hreinnar raunávöxtunar s.l. 10 ár .....                 | 3,86%   | 4,34%     | 4,43%   | 5,01%   | 5,14%   |
| Hlutfallsleg skipting fjárfestingar:                             |         |           |         |         |         |
| Skráðir eignarhlutir í félögum og sjóðum .....                   | 23,1%   | 22,6%     | 16,8%   | 10,5%   | 1,3%    |
| Skráð skuldabréf .....   | 63,7%   | 64,7%     | 70,9%   | 79,0%   | 87,7%   |
| Óskráðir eignarhlutir í félögum og sjóðum .....                  | 4,3%    | 3,6%      | 2,2%    | 0,0%    | 0,1%    |
| Óskráð skuldabréf .....  | 8,9%    | 9,2%      | 10,1%   | 10,0%   | 10,4%   |
| Bundnar bankainnstæður .....                                     | 0,0%    | 0,0%      | 0,0%    | 0,0%    | 0,0%    |
| Hlutfallsleg skipting fjárfestinga eftir gjaldmiðlum:            |         |           |         |         |         |
| Eignir í íslenskum krónum .....                                  | 100%    | 100%      | 100%    | 100%    | 100%    |
| Eignir í erlendum gjaldmiðlum .....                              | 0%      | 0%        | 0%      | 0%      | 0%      |
| Fjöldi virkra sjóðfélaga: .....                                  | 97      | 107       | 117     | 125     | 135     |
| Fjöldi sjóðfélaga í árslok: .....                                | 2291    | 2317      | 2341    | 2353    | 2400    |
| Fjöldi lífeyrisþega: .....                                       | 514     | 483       | 462     | 436     | 414     |
| Hlutfallsleg skipting lífeyris:                                  |         |           |         |         |         |
| Ellilífeyrir .....   | 82,2%   | 80,0%     | 77,9%   | 76,6%   | 77,3%   |
| Örorkulífeyrir .....   | 4,0%    | 4,9%      | 5,2%    | 4,6%    | 3,8%    |
| Makalífeyrir .....   | 13,7%   | 15,1%     | 16,9%   | 18,7%   | 18,8%   |
| Barnalífeyrir .....  | 0,1%    | 0,0%      | 0,0%    | 0,1%    | 0,1%    |
| Stöðugildi: .....  | 0       | 0         | 0       | 0       | 0       |
| Iðgjöld alls (á föstu verðlagi) .....                            | 332.651 | 283.182   | 267.046 | 252.775 | 245.223 |
| Lífeyrir alls (á föstu verðlagi) .....                           | 682.692 | 596.458   | 555.990 | 517.794 | 502.839 |
| Hreinar fjárfestingartekjur alls (á föstu verðlagi) .....        | 477.119 | 1.105.392 | 575.655 | 994.255 | 691.416 |
| Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður alls (á föstu verðlagi) ..... | 30.490  | 29.575    | 26.359  | 25.357  | 25.168  |
| Hækkun (lækkun) á hreinni eign (á föstu verðlagi) .....          | 96.664  | 770.532   | 258.892 | 703.879 | 408.631 |
| Lífeyrisþyrði .....  | 205%    | 211%      | 208%    | 205%    | 205%    |
| Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður (alls) í % af iðgjöldum       | 9,2%    | 10,4%     | 9,9%    | 10,0%   | 10,3%   |
| Hreinar fjárfestingartekjur í % af meðalstöðu eigna              | 4,6%    | 11,3%     | 5,8%    | 10,2%   | 7,7%    |
| Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður í % af meðalstöðu eigna       | 0,29%   | 0,29%     | 0,27%   | 0,27%   | 0,28%   |

# Stjórnarháttayfirlýsing

## Tilgangur stjórnarháttayfirlýsingar

Góðir stjórnarhættir eru að mati Lífeyrissjóðs starfsmanna Akureyrarbæjar (LSA) forsenda fyrir því að starfsemi sjóðsins sé traust og árangursrík. Með góðum stjórnarháttum í starfsemi LSA er lagður grunnur að traustum samskiptum stjórnenda og starfsmanna sjóðsins við sjóðfélaga, launagreiðendur sem greiða iðgjöld til sjóðsins fyrir starfsmenn sína og Akureyrarbæ sem ábyrgðaraðila sjóðsins. Með góðum stjórnarháttum er stuðlað að gagnsæi í starfsemi sjóðsins. Við mótun stjórnarháttanna hafa stjórnendur og stjórn sjóðsins haft til hliðsjónar almennt viðurkennd sjónarmið og leiðbeiningar um góða stjórnarhætti fyrirtækja. LSA er lokaður sjóður. Akureyrarbær ábyrgist skuldbindingar sjóðsins sbr. 10. gr. í samþykktum hans.

## Hlutverk LSA

Hlutverk LSA er:

- að taka við iðgjöldum frá sjóðfélögum, varðveita þau með tryggum hætti og veita upplýsingar um réttindi sjóðfélaga.
- að ávaxta fjármuni sjóðsins með sem bestum hætti í samræmi við fjárfestingastefnu sjóðsins og áhættustefnu.
- að greiða sjóðfélögum lífeyri í samræmi við samþykktir sjóðsins. Í því felst að tryggja sjóðfélögum ellilífeyri að lokinni starfsævi, tryggja þá fyrir tekjumissi í kjölfar örorku og stuðla að fjárhagslegu öryggi maka og barna við andlát sjóðfélaga.

## Lög og reglur um stjórnarhætti sem LSA fylgir

LSA starfar á grundvelli laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða og hefur fengið starfsleyfi frá Fjármálaráðuneytinu. Fjármálaráðuneytið staðfestir samþykktir sjóðsins. Sjóðurinn er lokaður sjóður sem starfar á óbreyttum iðgjalda- og réttindagrundvelli í samræmi ið 54. gr. laga nr. 129/1997, sem hefur veruleg áhrif á starfsemi sjóðsins.

Sjóðurinn er eftirlitsskyldur aðili í samræmi við lög nr. 87/1998 um eftirlit með fjármálastarfsemi. Ýmis önnur lög taka til þátta í rekstri sjóðsins, auk reglugerða, reglna og leiðbeinandi tilmæla sem Fjármálaeftirlitið hefur sett um starfsemi lífeyrissjóða.

Þá hefur sjóðurinn sjálfur sett reglur um einstaka þætti í starfsemi sinni, s.s. starfsreglur stjórnar og þ.m.t. skilgreiningu á óvenjulegum og mikilsháttar ráðstöfunum, verklagsreglur um verðbréfavíðskipti, siðareglur, reglur um upplýsingagjöf til stjórnar, reglur um endurskoðunarnefnd og reglur um fjárfestingaheimildir. Þá hefur sjóðurinn sett sér sérstaka fjárfestinga-, áhættu- og öryggisstefnu.

## Hlutverk stjórnar LSA og skipulag

Samkvæmt lögum ber stjórn LSA ábyrgð á að starfsemi sjóðsins sé í samræmi við lög, reglugerðir settar samkvæmt þeim og samþykktir sjóðsins. Stjórn sjóðsins skal einnig hafa með höndum almennt eftirlit með rekstri, bókhaldi og ráðstöfun eigna sjóðsins. Hún skal móta fjárfestingastefnu fyrir sjóðinn, móta innra eftirlit, skjalfesta eftirlitsferla og móta eftirlitskerfi sem gera sjóðnum kleift að greina, vakta, meta og stýra áhættu í starfsemi sjóðsins.

Stjórn sjóðsins skipa, samkvæmt samþykktum hans, bæjarstjórn á Akureyri, sem skal vera formaður stjórnar, tveir bæjarfulltrúar sem bæjarstjórn kys á sama hátt og fastar nefndir til fjögurra ára og tveir sjóðfélagar tilnefndir til fjögurra ára af Kili, stéttarfélagi starfsmanna í almannáþjónustu. Fjórir varamenn skulu tilnefndir á sama hátt og til jafnlangs tíma.

LSA hefur ekki eigin starfsmenn, en hefur gert samning við Stapa lífeyrissjóð um að annast rekstur sjóðsins. Markmiðið með samningnum er að tryggja góðan rekstur LSA sem og góða þjónustu við sjóðfélaga. Framkvæmdastjóri Stapa lífeyrissjóðs er jafnframt framkvæmdastjóri LSA og áhættustjóri Stapa er jafnframt áhættustjóri LSA. Reksturinn felur m.a. í sér innheimtu iðgjalda og sérstakra aukaframlaga, skráningu iðgjalda í iðgjaldakerfi, utan umhald um réttindi sjóðfélaga, undirbúning og vinnu við lífeyrisúrskurði, útsendingu yfirlita til sjóðfélaga, lífeyrisgreiðslur, réttindaflutninga til og frá sjóðnum, upplýsingagjöf og aðstoð í lífeyrismálum, eignastýringu og ávöxtun á fjármunum sjóðsins, fjárhagsbókhald, umsjón með stjórnarfundum, afgreiðslu lána til sjóðfélaga og skýrslugerð til opinberra aðila vegna sjóðsins. Reglur sem Stapi hefur sett og taka til starfsmanna gilda einnig um störf þeirra fyrir LSA eftir því sem við getur átt, enda hafi LSA ekki gengið frá reglum um sama efni, sem gilda fyrir starfsemi LSA.

# Stjórnarháttayfirlýsing

## Innra eftirlit og áhættustýring

Stjórn sjóðsins ber ábyrgð á áhættustýringu og innra eftirliti hjá sjóðnum og skal fylgjast með virkni þess. Stjórnin skal móta og samþykkja áhættustefnu og sjá til þess að virk áhættustýring sé til staðar hjá sjóðnum, sem tekur til allrar starfsemi hans. Áhættustýring skal innihalda skilvirka ferla og vinnulag. Hún þarf einnig að tryggja að framkvæmda- og áhættustjóri fylgist með því að þessir ferlar séu fullnægjandi og verklag sé skilvirkt.

Stjórnin hefur skipað endurskoðunarnefnd í samræmi við ákvæði 108. gr. laga nr. 3/2006. Endurskoðunarnefnd hefur eftirlit með vinnuferli við gerð reikningsskila, fyrirkomulagi og virkni innra eftirlits, innri endurskoðunar og áhættustýringar, eftirlit með endurskoðun ársreiknings, mat á óhæði endurskoðenda og endurskoðunarfyrtækis og eftirlit með öðrum störfum endurskoðenda eða endurskoðunarfyrtækis, fyrir sjóðinn. Endurskoðunarnefnd setur fram tillögur til stjórnar um val á endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtæki. Endurskoðunarnefnd fundar reglulega með innri endurskoðanda, áhættustjóra og eftir atvikum öðrum starfsmönnum sjóðsins og skilar um það skýrslum til stjórnar.

Auk stjórnendaeftirlits og eftirlits áhættustjóra hefur stjórnin ráðið innri endurskoðanda sem starfar skv. lögum nr. 129/1997 og reglum nr. 687/2001 um endurskoðunardeildir og eftirlitsaðila lífeyrissjóða. Innri endurskoðandi sjóðsins er KPMG. Innri endurskoðandi framkvæmir eftirlitsaðgerðir jafnaðarlega og skilar um það skýrslum til stjórnar. Innri endurskoðandi starfar í nánú sambandi við endurskoðunarnefnd og áhættustjóra.

## Fjárfestingastefna og áhættustefna

Stjórn sjóðsins hefur mótað fjárfestingastefnu fyrir sjóðinn. Fjárfestingastefna er formlegt skjal, sem lýsir stefnu sjóðsins við fjárfestingar og ávöxtun fjár sjóðfélaga. Fjárfestingastefna þarf að uppfylla þær kröfur sem gerðar eru í reglugerð nr. 916/2009 um fjárfestingastefnu lífeyrissjóða.

Stjórn hefur mótað áhættustefnu þar sem er að finna lýsingu á skipulagi sjóðsins, þ.m.t. á eignastýringu og fjárfestingastarfsemi, eftirlitsskipulag og hvernig áhættustýringu sjóðsins og innra eftirliti er háttað, þ.m.t. aðgerðum til að tryggja að starfsemi sjóðsins hlíti þeim lögum og reglum sem um hann eru settar af opinberri hálfu, eða hann hefur sett sér sjálfur. Í stefnunni er einnig að finna skilgreiningu á áhættu, lýsingu á áhættuflokkum og hvernig framkvæmd áhættustýringar er háttað.

## Gildi og samfélagsleg ábyrgð

LSA telur að samfélagsleg ábyrgð sé mikilvægur þáttur í góðum stjórnarháttum. LSA gerir sér grein fyrir því að hann hefur áhrif á kjör sjóðfélaga sinna, aðila sem hann fjárfestir í og efnahagsleg og félagsleg áhrif á félagssvæði sínu og nærumhverfi. LSA hefur samfélagslega ábyrgð að leiðarljósi bæði inn á við og út á við í störfum sínum og athöfnum, í samskiptum sínum við sjóðfélaga, starfsmenn, viðskiptavini, þjónustuaðila og samfélagið í heild. Sjóðurinn hefur ekki sett sér ákveðin gildi sem leiðarljós í starfsemi sinni né mótað sérstaka stefnu um samfélagslega ábyrgð.

## Stjórnarmenn, endurskoðunarnefnd, framkvæmda- og áhættustjóri

### Upplýsingar um stjórnarmenn:

- Eiríkur Björn Björgvinsson, fæddur 1966
  - Menntun: B.ed. frá Íþróttakennarskóla Íslands, Diplom-Vorprüfung im Fach Sport, Deutsche Sporthochschule, Köln Þýskalandi. Diploma í stjórnun frá Kennaraháskóla Íslands, auk fjölda námskeiða um stjórnun og sveitarstjórnarmál
  - Aðalstarf: Bæjarstjóri á Akureyri
  - Starfságrip:
    - 1988-1994: Knattspyrnuþjálfari og frístundaleiðbeinandi
    - 1994-1996: Æskulýðs- og íþróttafulltrúi Egilsstaðabæjar
    - 1996-2002: Deildarstjóri Íþrótt- og tómsfundadeildar Akureyrarbæjar
    - 2002-2004: Bæjarstjóri Austur-Héraðs
    - 2004-2010: Bæjarstjóri Fljótsdalshéraðs
    - 2010- Bæjarstjóri á Akureyri
  - Hvenær kosinn í stjórn sjóðsins:  
Fulltrúi Akureyrarbæjar: Varamaður í stjórn frá 1998-2001. Aðalmaður í stjórn og stjórnarformaður frá ársfundi 2010
  - Önnur trúnaðarstörf, þ.á.m. stjórnarseta í öðrum félögum  
Stjórnarmaður í Þjóðskrá Íslands  
Stjórnarmaður í Sambandi íslenskra sveitarfélaga

# Stjórnarháttayfirlýsing

- Arna Jakobína Björnsdóttir, fædd 1957
  - Menntun: Sjúkraliði, Stúdent frá VMA, Verkefna- og leiðtogaþjálfun EHI, Nám í rekstri, stjórnun og hagþróun við HA, Sálfræðinám í HA, auk fjölda námskeiða
  - Aðalstarf: Formaður og framkvæmdastjóri Kjalar, stéttarfélags starfsmanna í almannabjónustu
  - Starfságrip:
    - 1973-1975: Starfsmaður á Kristnesi
    - 1975-1978: Almennur starfsmaður á FSA
    - 1978-1998: Sjúkraliði á FSA
    - 1998- Starfsmaður Kjalar stéttarfélags starfsmanna í almannabjónustu
  - Hvenær kosin í stjórn sjóðsins:  
Fulltrúi Kjalar stéttarfélags: Aðalmaður í stjórn frá 1994
  - Önnur trúnaðarstörf, þ.á.m. stjórnarseta í öðrum félögum  
Stjórnarmaður í BSRB  
Stjórnarformaður Símenntunarmiðstöðvar Eyjafjarðar  
Stjórnarmaður í Fræðslusetur Starfsmennt  
Stjórnarmaður í Vinnumálastofnun  
Í endurskoðunarnefnd LSA frá 2010
- Gunnar Gíslason, fæddur 1958
  - Menntun: Stúdent frá MA, B.ed. kennaranám frá KHÍ, Magister Artium í menntavísindum frá Háskólanum á Akureyri, auk fjölda námskeiða um kennslu, stjórnun og stjórnsýslu
  - Aðalstarf: Ráðgjafi hjá StarfsGæði ehf.
  - Starfságrip:
    - 1982-1987: Grunnskólakennari
    - 1986-1987: Kennsluráðgjafi á Fræðsluskrifstofu Norðurlands eystra
    - 1987-1999: Skólastjóri í Valsárskóla á Svalbarðsströnd
    - 1994-1998: Oddviti í sveitarstjórn Svalbarðsstrandarhrepps
    - 1999-2014: Fræðslustjóri á Akureyri
    - 2015- Ráðgjafi hjá StarfsGæði ehf.
  - Hvenær kosinn í stjórn sjóðsins:  
Fulltrúi Akureyrarbæjar: Aðalmaður í stjórn sjóðsins frá ársfundi 2014
  - Nefndasetur í fjölmörgum stjórnnum og nefndum um skóla- og sveitarstjórnarmál  
Bæjarfulltrúi á Akureyri  
Í endurskoðunarnefnd LSA frá 2014
- Hanna Rósa Sveinsdóttir, fædd 1966
  - Menntun: Stúdent frá MA, Sagnfræðingur og þjóðfræðingur frá HÍ, Diploma í rekstri og stjórnun frá HA, auk fjölda námskeiða tengdum safnafræðum
  - Aðalstarf: sérfræðingur á Minjasafninu á Akureyri
  - Starfságrip:
    - 1984-1987: Sambandsverksmiðjurnar á Akureyri
    - 1987-1988: Starfsmaður á sambylí fatlaðra á Sólborg
    - 1989-1992: Sérfræðingur á Árbæjarsafni
    - 1992- Sérfræðingur á Minjasafninu á Akureyri
  - Hvenær kosin í stjórn sjóðsins:  
Fulltrúi Kjalar stéttarfélags: Aðalmaður í stjórn frá ársfundi 2002
  - Önnur trúnaðarstörf, þ.á.m. stjórnarseta í öðrum félögum  
Nefndarmaður í Húsafriðunarnefnd ríkisins  
Stjórnarformaður í Hrauni ehf, menningarfélagi (ólaunað)  
Formaður stjórnar Vísindasjóðs Kjalars stéttarfélags (ólaunað)
- Sigríður Huld Jónsdóttir, fædd 1969
  - Menntun: Stúdent frá VMA, B.sc í hjúkrunarfræði frá HA, Kennslufræði frá HA, Diploma í opinberri stjórnsýslu frá HÍ, Meistaránám í opinberri stjórnsýslu í HÍ
  - Aðalstarf: Skólameistari Verkmenntaskólans á Akureyri
  - Starfságrip:
    - 1998-2006: Hjúkrunarfræðingur á kvennadeild FSA
    - 2003-2006: Verkefnastjóri fræðslumála í hjúkrun á FSA
    - 2006-2011: Aðstoðarskólameistari Verkmenntaskólans á Akureyri
    - 2011-2012: Skólameistari Verkmenntaskólans á Akureyri



# Stjórnarháttayfirlýsing

- 2012-2015: Aðstoðarskólameistari Verkmenntaskólans á Akureyri
- 2016- Skólameistari Verkmenntaskólans á Akureyri
- Hvenær kosin í stjórn sjóðsins:  
Fulltrúi Akureyrarbæjar: Aðalmaður í stjórn sjóðsins frá ársfundi 2014
- Bæjarfulltrúi á Akureyri  
Fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga í ráðgjafanefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga

## Endurskoðunarnefnd:

- Fjóla Björk Jónsdóttir, fædd 1965
  - Menntun: MBA, Viðskiptafræðingur af endurskoðunarsviði frá HÍ
  - Aðalstarf: Kennsla og rannsóknir við Viðskiptadeild HA
  - Starfsferilságrip:  
1990-1993: Sumarstarf með skóla, umsjón með reikningshaldi og skrifstofu Hótel Búða  
1994-1999: Skrifstofustjóri Hveragerðisbæjar, m.a. ábyrgð á uppgjöri bæjarsjóðs og staðgengill bæjarstjóra  
2000-2004: Deildarstjóri í reikningshaldi Íslandsbanka með ábyrgð á uppgjörum bankans, dótturfélögum og samstæðunnar  
2004-2005: Verkefnisstjóri hjá Impru nýsköpunarmiðstöð  
2007 : Starfsþróun hjá Akureyrarbæ  
2005- : Aðjúnt við Viðskiptadeild Háskólans á Akureyri
  - Önnur trúnaðarstörf:  
Endurskoðunarnefnd Stapa lífeyrissjóðs frá 2010, formaður frá 2012  
Formaður endurskoðunarnefndar Byggðastofnunar frá 2010  
Formaður endurskoðunarnefndar Lífeyrissjóðs starfsmanna Akureyrarbæjar frá 2011  
Endurskoðunarnefnd Sparisjóðs Norðurlands 2012-2015
- Arna Jakobína Björnsdóttir, fædd 1957 (sjá hér að ofan)
- Gunnar Gíslason, fæddur 1958 (sjá hér að ofan)

Sjóðurinn er með rekstrarsamning við Stapa lífeyrissjóð, sem sér um rekstur sjóðsins og hefur því ekki eigin starfsmenn. Upplýsingar um lykilstarfsmenn Stapa lífeyrissjóðs eru eftirfarandi:

## Upplýsingar um framkvæmdastjóra:

- Ingi Björnsson, fæddur 1956
  - Menntun: Stúdent frá MA, B.Sc. í hagfræði og MS í hagfræði frá háskólanum í Gautaborg í Svíþjóð.
  - Aðalstarf: Framkvæmdastjóri Stapa lífeyrissjóðs.
  - Starfsferilságrip:  
-1983: Ýmis störf, m.a. við fiskvinnslu, byggingariðnað, lagervinnu, sjómennsku o.fl. (með námi)  
1983-1988: Stundakennari við MA, VMA og Háskólann á Akureyri  
1984-1988: Rekstrarráðgjafi og framkvæmdastjóri hjá lönþróunarfélagi Eyjafjarðar hf.  
1988-1990: Fjármálastjóri Álafoss hf.  
1990-1994: Framkvæmdastjóri Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri  
1995-2000: Framkvæmdastjóri Slippstöðvarinnar hf.  
2000-2016: Útibússtjóri útibús Íslandsbanka á Akureyri  
2016- Framkvæmdastjóri Stapa lífeyrissjóðs
  - Önnur trúnaðarstörf, þ.á.m. stjórnarseta í öðrum félögum:  
Seta í ýmsum nefndum og stjórnunum fyrirtækja í gegnum tíðina  
Á ekki sæti í nefndum eða stjórnunum sem stendur

## Upplýsingar um áhættustjóra:

- Jóna Finndís Jónsdóttir, fædd 1974
  - Menntun: Stúdent frá MA, B.Sc. í Jarðeðlisfræði frá Háskóla Íslands, M.Sc. í umhverfis og vatnaveikfræði frá Háskólanum í Austin, Texas í Bandaríkjunum, Phd. í vatnaveikfræði frá Háskólanum í Lundi í Svíþjóð. Próf í verðbréfavíðskiptum.
  - Aðalstarf: Áhættustjóri Stapa lífeyrissjóðs
  - Starfsferilságrip:  
1996-1998: Mælingar og úrvinnsla hjá Vatnamælingum Orkustofnunnar (með skóla)  
1998-2000: Aðstoð við rannsóknir hjá Center for Research in Water Resources, við Háskólann í Texas

# Stjórnarháttayfirlýsing

- 2000-2007: Fagstjóri hjá Vatnamælingum
- 2007-2012: Sjóðstjóri hjá Stapa lífeyrissjóði
- 2012- Áhættustjóri hjá Stapa lífeyrissjóði
- Önnur trúnaðarstörf, þ.á.m. stjórnarseta í öðrum félögum:  
Starfsmaður á ekki sæti í nefndum eða stjórnnum

## Upplýsingar um fjárfestingastjóra:

- Arne Vagn Olsen, fæddur 1972
  - Menntun: Stúdent frá MR, B.Sc. í sjávarútvegsfræði frá Háskólanum á Akureyri, MBA frá Copenhagen Business School, Danmörku.  
Próf í verðbréfavíðskiptum.
  - Aðalstarf: Fjárfestingastjóri Stapa lífeyrissjóðs
  - Starfsferilságrip:  
1997-1998: Vinnslustjóri Útgerðarfélag Akureyringa hf.  
1998-1999: Markaðsstjóri Útgerðarfélag Akureyringa hf  
1999-2003: Sjóðstjóri hjá Íslenskum verðbréfum hf  
2005-2012: Forstöðumaður markaðs- og sölusviðs Íslenskra verðbréfa hf  
2012- Fjárfestingarstjóri Stapa lífeyrissjóðs
  - Önnur trúnaðarstörf, þ.á.m. stjórnarseta í öðrum félögum:  
Stjórnarmaður í SF IV slhf. (stjórnarlaun renna til Stapa lífeyrissjóðs)  
Stjórnarmaður í SÍA II slhf. (stjórnarlaun renna til Stapa lífeyrissjóðs)

## **Upplýsingar um brot á lögum og reglum sem viðeigandi eftirlits- og eða úrskurðaraðili hefur ákvarðað**

Ekki var um nein slík brot eða ákvörðun að ræða.

## **Samskipti við sjóðfélaga**

Sjóðurinn sendir sjóðfélögum yfirlit um réttindi sín tvisvar á ári. Sjóðurinn býður auk þess upp á sjóðfélagavef, þar sem sjóðfélagar geta fengið upplýsingar um lífeyrisréttindi sín hjá sjóðnum auk upplýsinga um iðgjaldaskil og aðgang að rafrænum skjölum, sem þeim tengjast. Sjóðurinn heldur úti heimasíðu, þar sem finna má margháttáðar upplýsingar um sjóðinn og hagsmuni og réttindi sjóðfélaga, þ.m.t. hvernig bera á sig að við að sækja um lífeyri ofl.

Einnig býðst sjóðfélögum aðgangur að „Lífeyrisgáttinni“ þar sem þeir geta fengið yfirlit um réttindi sín hjá öllum íslenskum lífeyrissjóðum.